

Alþingi  
Erindi nr. P 137/667  
komudagur 30.7.2009

Virðing  
Réttlæti

VR

Alþingi  
b/t Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 27.07.2009  
0906203 VR / 20.1 / KÖJ

**Efni:** Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu (62. mál).

### **Almennt.**

VR fagnar þeirri viðleitni sem í frumvarpinu felst en telur að það gangi heldur of skammt í að draga úr vægi verðtryggingar á fjármálamarkaði og á það sérstaklega við um skuldir einkaaðila og einstaklinga. Þó saknar félagið að ekki skuli vera reynt að draga úr vaxtavaxtaáhrifum verðtryggingar, t.d. með því að takmarka hve oft verðbætur á lán og sparifé reiknast á ársgrundvelli. Vænlegt væri að verðbætur til hækkunar/lækkunar höfðustóls væru aðeins reiknaðar á 12 mánaða fresti. Þannig væri dregið úr vaxtavaxtaáhrifum verðbóta sem og áhrif árstíðarsveifla á vísitölur takmarkuð. VR telur verðtryggingu sem slíka draga úr almennum hvata til að ná stjórn á verðbólgu almennt enda tryggir hún ávöxtun byggða á mælingum frekar en væntingum. Þannig verða klassísk hagstjórnartæki eins og stýrivextir næsta máttlítil.

### **Athugasemdir við 1. gr.**

Mælt er fyrir um hámark verðtryggingar á ársgrundvelli skuli vera 4%. Hætt er við því að slík takmörkun leiði af sér aukið ógegnsæi á lánamarkaði þar sem um „blönduð“ kerfi væri að ræða. Annars vegar ávöxtun byggða á verðlagsmælingum (verðbætur) upp að vissu hámarki, þ.e. 4% og svo ávöxtunarkröfu með verðbólguvæntingum. Þar sem ekki er gert ráð fyrir skilyrðislausu banni við verðtryggingu er vænlegra að setja þak á leyfilega raunávöxtunarkröfu og að verðtryggðar fjárskuldbindingar bæru fasta vexti. Raunvextir hér á landi hafa verið langt umfram það sem tíðkast í nágrannalöndunum undanfarin ár og er hætt við að frumvarpið bæti þar frekar í en að draga úr.

### **Athugasemdir við 2. gr.**


Þessi grein takmarkar möguleika ríkisstofnana, þ.e. Seðlabanka og Íbúðalánasjóðs til útgáfu verðtryggðra skuldabréfa. Almennt er það ríkissjóður og stofnanir sem undir hann falla sem best geta staðið undir verðtryggðum lánnum, enda haldast tekjur ríkissins í hendur við almenna þenslu og samdrátt í hagkerfinu. Þannig má telja að verðtryggð lánskjör á ríkisskuldabréfum tryggi ríkissjóði og stofnunum sem undir hann falla hagstæðustu lánakjör sem völ væri á. Almennir lántakendur bera aukna

áhættu af verðbólgu og þar með af vertryggingu og hefði því frekar átt að takmarka möguleika einkaaðila til útgáfu á verðtryggðum skuldabréfum.

**Athugasemdir við 3. gr.**

Æskilegt væri að takmörkun væri sett á starfstíma nefndarinnar og hvenær henni bæri að skila niðurstöðum sínum og tillögum.

Virðingarfyllt,  
f.h. VR



Kristinn Örn Jóhannesson  
formaður